

## Brottaforðakerfi eða þjóðpeningakerfi?

- Hvort kerfið telur þú að henti betur?

Viðskiptabankar búa til peninga með sama hætti og gullsmiðir gerðu með útgáfu kvittana fyrir gullgeymslu á sextánda og sautjándu öld. Saga brottaforðakerfisins (e. fractional reserve banking) teygir sig aftur til þessa tíma, þegar evrópuríki hófu að krefja banka um vörslu tiltekins hlutfalls gulls af útgefnum ávísunum á gull. Þessar ávísanir þjónuðu hlutverki peningaseðla á þessum tíma. Síðan hefur brottaforðakerfið myndað ramma peningaútgáfu, sem er í höndum viðskiptabankanna.

Hugmyndir um breytingar á peningakerfinu hafa reglulega skotið upp kollinum. Á fjórða áratug 20. aldar var til að mynda meirihlutfyllgi meðal hagfræðinga í Bandaríkjunum um áætlun sem nefndist "The Chicago Plan", sem fól í sér upptöku heildarforðakerfis (e. full reserve banking). Eftir efnahagsáfallin sem dundu yfir árið 2008 og þau vandamál sem þjóðir heims glíma við í kjölfarið er eðlilegt að við spyrjum: Er brottaforðakerfið heppilegasta leiðin til peningaútgáfu sem völ er á? Hér berum við virkni og afleiðingar brottaforðakerfis saman við virkni og afleiðingar þjóðpeningakerfis (e. Sovereign money system), en fylgismönnum þess hefur fjölgað stöðugt undanfarin ár.

### Samanburður á virkni:

Liður	Brottaforðakerfi	Þjóðpeningakerfi <sup>5</sup>
<b>Útgefandi peninga</b>	Seðlabanki gefur út seðla og mynt (um 3% peningamagns) og viðskiptabankar innstæður á reikningum (97% peningamagns). <sup>1, 2, 4, 8</sup>	Seðlabankinn gefur út seðla og mynt auk rafeyris fyrir hönd ríkissjóðs. <sup>5</sup>
<b>Hvernig peningar eru settir í umferð</b>	Þegar banki veitir ný útlán verða til innlán ("rafeyrir" skv. lögum um fjármálafyrirtæki) á reikningi lántaka upp á jafn háa fjárhæð. Innlánin eru svo notuð sem ígildi peninga í viðskiptum. <sup>7</sup>	Seðlabankinn afhendir ríkissjóði nýja peninga, sem bókfærast sem skatttekjur í reikningum ríkissjóðs. Ríkissjóður kemur þeim í umferð með beinum hætti í gegnum fjárlög með ríkisútgjöldum, uppkaupum á ríkisskuldabréfum (niðurgreiðsla skulda) eða óbeint með skattalækkunum. <sup>5</sup>
<b>Ákvörðunarvald um útgáfu nýrra peninga</b>	Útlánastjórar og útlánanefndir viðskiptabanka, sem ákvörðunarvald bankanna til útlána og þ.a.l. peningamagnsaaukningar.	Í höndum nýrrar peningamagnsnefndar sem eftir á að útfæra hvernig valið verði í. Til dæmis mætti skipa hana fulltrúum fjölbreyttra hagsmunahópa eða aðilum sem eru sem óháðastir ákvörðunum nefndarinnar.
<b>Ákvörðunarvald um dreifingu nýrra peninga</b>	Útlánastjórar og útlánanefndir viðskiptabanka, sem ákvörðunarvald bankanna til útlána og þ.a.l. til þess hverjir hljóta nýju peningana.	Í höndum lýðræðislega kjörinna fulltrúa á Alþingi, löggjafans, í gegnum fjárlög ár hvert.
<b>Varðveisla peninga</b>	Á vaxtaberandi innlánsreikningum viðskiptabanka.	Á vaxta- og áhættulausum færslureikningum í seðlabanka. Eigendur þeirra eiga kost á að lána þá bönkum gegn greiðslu vaxta. Viðskiptabankar veita milligöngu um þjónustu varðandi greiðslukortaútgáfu o.fl. á reikninga seðlabankans.
<b>Hvernig peningar hverfa úr umferð</b>	Þegar útlán eru greidd upp með innlánnum hverfa báðir liðirnir úr efnahagsreikningi bankans. Þannig dregst peningamagn saman þegar ný lán eru ekki tekin og raunhagkerfið stendur í skilum og/eða greiðir niður lán. <sup>7</sup>	Peningar hverfa aðeins úr umferð við ákvörðun peningamagnsnefndar þess efnis. Ef þörf er á að taka peninga úr umferð er það gert með því að ríkissjóður skilar þeim peningum sem ekki er talið æskilegt að hafa í umferð aftur til Seðlabanka. Ólíklegt er að þetta verði algengt, enda hefur framleiðniaukning áhrif til lækkunar verðlags, sem hvetur til aukningar peningamagns.

Á bakhlið einblöðungsins má sjá hvernig upptaka þjóðpeningakerfis í stað brottaforðakerfis leiðir til:

- Þess að ágóði af útgáfu nýrra peninga renni til ríkisins, í stað viðskiptabanka
- Meiri stöðugleika
- Lægri skulda
- Lægra vaxtastigs
- Lægri verðbólgu
- Minna bankakerfis
- Aukins efnahagslegs jöfnuðar
- Mögulega minna aðgengi að lánsfjármagni, ef nýju peningakerfi er illa stýrt



## Samanburður afleiðinga:

Liður	Brottaforðakerfi	Þjóðpeningakerfi <sup>5</sup>
<b>Ágóði af peningaútgáfu</b>	Seðlabanki fær ágóða af útgáfu seðla og myntar, um 1-2 ma árlega. Viðskiptabankar fá ágóðann af útgáfu innstæðna í formi vaxtamunar, um 10-20 ma árlega.	Ríkissjóður fær ágóða af útgáfu seðla og myntar, um 1-2 ma árlega. Ríkissjóður fær ágóða af útgáfu innstæðna í formi vaxtamunar eða lægri ríkisskulda, um 10-20 ma árlega.
<b>Stöðugleiki efnahagslífsins</b>	Viðskiptabankar hafa tilhneygingu til að lána meira út á þenslutímum, þegar veðrymi batna og áhættan í hagkerfinu minnkar. Þetta eykur á þensluna, þar sem peningamagn eykst samhliða útlánaaukningunni. Þeir draga hins vegar saman í útlánnum á tímum samdráttar og lækkandi eignaverðs með þeim afleiðingum að peningamagn dregst saman. Viðskiptabankar hafa því tilhneygingu til að magna upp sveiflur efnahagslífsins.	Peningamagnsnefndin tekur ákvarðanir um aukningu peningamagns eftir horfum í verðlagi og efnahagslífi. Hún hefur ekki hagsmuni af öðru en að taka ákvarðanir í þeim tilgangi að viðhalda stöðugleika efnahagslífsins.
<b>Skuldsetning raunhagkerfisins</b>	Þar sem nýjar skuldir myndast samhliða nýrri peningaútgáfu er ljóst að raunhagkerfið (heimili, fyrirtæki og hið opinbera) verður skuldsettara en ella. Skuldir verða ávallt hærri en peningar í umferð undir brottaforðakerfinu.	Skuldsetning raunhagkerfisins eykst ekki við útgáfu nýrra peninga þar sem ríkisvaldið fær nýja peninga í hendur sem tekjur, en ekki í gegnum skuldsetningu. Þannig er kominn sterkari grundvöllur til að greiða niður skuldir ríkisins og síðar munu einkaaðilar komast í sömu stöðu, eftir því sem nýjir peningar dreifast um hagkerfið.
<b>Vaxtastig</b>	Há skuldsetning veldur aukinni eftirspurn eftir lánsfjármagni og eykur áhættu lánveitanda. Fjármagnseigendur gera því kröfu um hærri vexti á lánveitingar sínar.	Niðurgreiðslur ríkisskulda hafa áhrif til lækkunar ríkistryggðra vaxta í nýju kerfi, samhliða samdrætti í framboði ríkistryggðra bréfa. Þetta hefur áhrif til lækkunar á vöxtum fyrirtækja og heimila. Rannsókn Jaromir Benes og Michael Kumhof hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðinum styður þetta. <sup>6</sup>
<b>Verðbólga</b>	Mikil skuldsetning elur af sér verðbólgu, þar sem fyrirtæki hafa tilhneygingu til að velta fjármagnskostnaði út í verðlagið. Bankar hafa hag af því að auka peningamagn því þá aukast hreinar vaxtatekjur þeirra. Þetta aukna peningamagn leiðir til verðbólgu. Ef verðtryggingajöfnuður banka er jákvæður hafa þeir enn meiri hag af því að auka verðbólguna.	Peningamagnsnefndin hefur ekki hag af aukinni verðbólgu, heldur aðeins af því að ná þeim markmiðum sem henni eru sett hvort sem þau snúa að verðbólgu eða öðrum mælikvörðum. Samkvæmt rannsókn Jaromir Benes og Michael Kumhof hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðinum ætti verðbólga að vera mjög lítil undir nýja peningakerfinu. <sup>6</sup>
<b>Stærð bankakerfisins</b>	Bankakerfið stækkar samhliða stækkun efnahagsreikninga bankanna með veitingu nýrra útlána og nýju peningamagni.	Ekki þörf á jafn stóru bankakerfi, þar sem bankarnir skapa ekki lengur peninga heldur verða aðeins milliliðir á milli sparifjäreigenda/fjárfesta og lántakenda.
<b>Efnahagslegur jöfnuður</b>	Í umhverfi þar sem vaxtastig er hátt, skuldsetning há og bankakerfið stórt er erfitt að viðhalda miklum jöfnuði. Skuldsetningin og hátt vaxtastig orsaka háa vaxtabyrði skuldara sem gerir þeim erfitt um vik að standa í skilum. Að sama skapi fá fjármagnseigendur hærri vaxtatekjur af sínum eignum. Þá hefur stórt bankakerfi tilhneygingu til að greiða há laun sem eykur ójöfnuð launatekna.	Lægri skuldir auk lægra vaxtastigs gerir það að verkum að vaxtabyrði skuldara lækkar verulega. Þetta gerir skuldurum auðveldara að standa í skilum og greiða niður skuldir sínar. Samhliða þessu lækka vaxtatekjur bankakerfisins og fjármagnseigenda, sem eiga því ekki jafn auðvelt með að lifa einvörðungu af vaxtatekjum. Þannig dregur saman með skuldurum og fjármagnseigendum. Jöfnuður launatekna eykst einnig við samdrátt bankakerfisins þar sem mikill ójöfnuður launatekna er viðvarandi.
<b>Aðgangur að fjármagni</b>	Aðgangur að fjármagni ræðst að miklu leyti af vilja bankakerfisins til að veita útlán. Þegar bankakerfið nálgast lágmarks eiginfjárlutfall (Capital Adequacy Ratio) er ákveðnum endimörkum náð og hægja verður á lánveitingum. Aðgengi að lánsfjármagni getur því orðið mjög sveiflukennt eins og við höfum séð undanfarinn áratug á Íslandi og í Evrópu.	Lánsfé verður aðeins aðgengilegt þegar fjármagnseigendur hafa áhuga á að lána peninga. Vaxtastigið mun því hafa mikið að segja um framboð lánsfjármagns. Aðgengi að eiginfjárfjármögnun gæti aftur á móti aukist þar sem lægri ríkistryggður vaxtagrunnur eykur vilja fjárfesta til að taka áhættu og færa sig yfir í hlutfé. Auk þess verður raunhagkerfið að meira leyti fjármagnað með eigin fé.

Heimildir:

<sup>1</sup> Hagtölur Seðlabanka Íslands (<http://hagtolar.seðlabanki.is/data/set/238s/#!display=line&ds=238s!z1=4&s=9gp>)

<sup>2</sup> Lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (<http://www.althingi.is/lagas/137/2002161.html>)

<sup>3</sup> Reglur Seðlabanka Íslands nr. 373/2008 um bindiskildu (<http://www.seðlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=5849>)

<sup>4</sup> Lög nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands (<http://www.althingi.is/lagas/140b/2001036.html>)

<sup>5</sup> FULL-RESERVE BANKING (IN PLAIN ENGLISH) (<http://www.positivemoney.org/wp-content/uploads/2012/02/Full-Reserve-Banking-in-Plain-English1.pdf>)

<sup>6</sup> The Chicago Plan Revisited (<http://www.imf.org/external/pubs/ft/wp/2012/wp12202.pdf>)

<sup>7</sup> MODERN MONEY MECHANICS (<http://www.rayservers.com/images/ModernMoneyMechanics.pdf>)

<sup>8</sup> Lög nr. 22/1968 um gjaldmiðil Íslands (<http://www.althingi.is/lagas/127b/1968022.html>)

